

✉ Re: Borgarlínan. Forkynning á vinnslutillögu.

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 27.5.2021 15:40:39 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 27.5.2021 15:40:37 |
| Tilheyrir | 📁 202102-0034 - Borgarlínan. Forkynning á vinnslutillögu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2030 |

Efni

| |
|---|
| Re: Borgarlínan. Forkynning á vinnslutillögu. |
|---|

Upplýsingar

| Sent | 27.5.2021 15:40:37 | Staða | Imported |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Vinnsla

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | bergindok@kopavogur.is, skipulag@kopavogur.is |

Innihald

| |
|---|
| <p>Góðan daginn,</p> <p>Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 vegna Borgarlínunnar.</p> <p>Sambærileg umsögn var send til Reykjavíkur en í þeirri umsögn var undanskilin umfjöllun um áhrifasvæði sem einungis eru innan Kópavogs en aftur á móti fjallað um áhrifasvæði í Reykjavík.</p> <p>-----</p> <p>Tilvísun í mál n3. 202102-0034. (SS).</p> <p>Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Kópavogsbæ dags. 18. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 vegna tillögu um legu fyrsta áfanga Borgarlínunnar.</p> <p>Fyrsti áfangi Borgarlínunnar liggur að mestu leyti í þéttbýli og þ.a.l. utan hlutverks Náttúrufræðistofnunar en einnig fer hún í gegnum eða í nágrenni við nokkur náttúruverndarsvæði, friðlýst svæði skv. ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013, svæða á núgildandi náttúruminjaskrá og svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á væntanlega framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar munu því beinast að mögulegum áhrifum á þessi svæði.</p> <p>Borgarlínan þverar Fossvoginn á nýrri brú. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 22. janúar 2020 um matsskyldu framkvæmdarinnar þ.e. brúarinnar og tengdra landfyllinga. Þar kemur fram að stofnunin taldi nægjanlega gert grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og mótvægisáðgerðum og að stofnunin teldi ólíklegt að áhrif á lífríki og jarðminjar á svæðinu verði umtalsverð. Bent var á og vill Náttúrufræðistofnun ítreka að framkvæmdin og þar með áform um legu Borgarlínunnar tengjast áformum um landfyllingar vestan við áætlað brúarstæði þar sem stefnt er að nýrri íbúabyggð í Skerjafirði í Reykjavík. Sú landfylling mun raska fjörum með hátt náttúruverndargildi og búsvæðum fugla á mikilvægu fuglasvæði og sem er innan svæðisins "Álftanes-Skerjafjörður" sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Huga þarf einnig að samlegðaráhrifum af brúargerðinni við uppbyggingu á þéttingarreitum á vestanverðu Kársnesi í Kópavogi.</p> |
|---|

Borgarlínan mun liggja eftir Borgarholtsbraut í Kópavogi og í mikilli nálægð við friðlýsta svæðið Borgir þar sem finnast jarðminjar með hátt verndargildi. Fram kemur að rask verði á klettum við Borgarholtið en að það verði utan marka friðlýsta svæðisins. Mikilvægt er að samráð sé við Umhverfisstofnun til að tryggja að friðuðum jarðminjum standi ekki ógn af framkvæmdunum.

Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum er tengjast skipulagsgerð og framkvæmdum á Borgarlínu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Berglind Ósk Kjartansdóttir" <berglindok@kopavogur.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Birgir Hlynur Sigurðsson" <Birgir@kopavogur.is>; "Auður D. Kristinsdóttir" <audurdk@kopavogur.is>
Subject: Borgarlínan. Forkynning á vinnslutillögu.
Date: 18.2.2021 11:56:21

Borgarlínan. Forkynning á vinnslutillögu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2030.

Vakin er athygli á að Kópavogur og Reykjavíkurborg hafa samþykkt að kynna drög að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélaganna í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarfélögin óska eftir ábendingum umsagnaraðila um tillögurnar fyrir 30. apríl nk. Ábendingar og athugasemdir við drögin skal senda á netfangið skipulag@kopavogur.is, skipulag@reykjavik.is og á **samráðsgáttina**.

Sveitarfélögin munu bjóða upp á sameiginlegan kynningarfund fyrir umsagnaraðila, sem haldinn verður í mars. Send verður tilkynning um fundartíma á alla umagnaraðila.

Drög að breytingartillögum í Kópavogi og Reykjavík fjalla um tillögu að legu Borgarlínunnar og tillögur að staðsetningu kjarnastöðva. Í drögum að skipulagsgögnum eru jafnframt kynntar hugmyndir að leiðbeinandi staðsetningum almennra stöðva, viðmiðum um hönnun göturýmis og forgang almenningsgangna og virkra ferðamáta. Í drögum fyrir Reykjavík eru jafnframt kynnt áform um Sæbrautarstokk og Miklubrautarstokk. Umhverfisskýrsla er hluti af drögunum, sem fjallar um helstu umhverfisáhrifin m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Drög að aðalskipulagsbreytingu Kópavogsbæjar verða aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is/skipulag-i-kynningu (<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/borgarlinan-vinnslutillaga-rammahluti-ask-kop>) og drög fyrir Reykjavík á heimasíðunni www.adalskipulag.is (https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag_reykjavikur_2010-2030_borgarlina_tillaga_og_umhverfisskyrsla.pdf). Jafnframt verða ofangreind gögn aðgengileg á samráðsgáttinni, www.island.is ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2918](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2918)).

Frumdrög að Borgarlínunni eru fylgigögn með skipulagsgögnunum. Í þeim er hægt að finna ítarlegri upplýsingar m.a. um ákvörðun um Borgarlínuna, framkvæmdakostnað, hönnunarforsendur, legu, valkosti, umferðarspá og umhverfisáhrif. Frumdrögin eru aðgengileg á [www.borgarlinan.is](https://borgarlinan.is) (<https://borgarlinan.is/>).

Það tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur,

Berglind Ósk Kjartansdóttir

Ritari skipulagsdeildar

Umhverfissvið Kópavogsbæjar

Sími 441 0000

Kópavogsbær | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogur

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt

er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the

addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your

system.

Viðhengi

image001.png (5 KB)